

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Húsavíkurkaupstaðar**

Ársreikningur

2010

Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Kennitölur	14

Skýrsla stjórnar

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2010. Rekstrarkostnaður nam 3,1 m.kr. eða 0,54% af hreinni eign í árslok, samanborið við 0,48% árið áður. Fjárfestingagjöld nema kr. 2,1 m.kr eða um 0,36% af rekstrarkostnaði sjóðsins.

Engin starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur sjóðsins og hefur gert svo frá 1. janúar 2000. Laun til stjórnar námu 182 þ.kr. samanborið við 175 þ.kr. árið áður.

Iðgjöld

Í árslok 2010 voru 18 (21) virkir sjóðfélagar hjá 1 atvinnurekanda sem greiddu iðgjöld til sjóðsins (tölur innan sviga eru fyrir árið 2009). Fjöldi virkra sjóðfélaga var að meðaltali 20 (22) árið 2010. Heildar iðgjöld námu 61,0 m.kr., (53,8m.kr). Af heildariðgjöldum námu sérstök aukaframlög launagreiðenda 53,9 m.kr. (45,8 m.kr). Hækkun iðgjalda á milli ára nam 13,4%.

Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris mámu á árinu 75,7 m.kr. (65,4 m.kr) sem er 15,8% hækkun á milli ára. Lífeyrisþegar voru 84 (78) í árslok. Að meðaltali fengu 53 (49) sjóðfélagar greiddan ellilífeyri, 15 (14) örorkulífeyri og 13 (12) makalífeyri og 3 (3) barnalífeyri. Í árslok fengu um 47% lífeyrisþega lífeyri samkv. svokallaðri eftirmannsreglu en um 53% samkv. meðaltalsreglu.

Fjárfestingar

Í árslok 2010 námu fjárfestingar sjóðsins 577 m.kr. samanborið við 549,6 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu 2010 voru keypt verðbréf fyrir um 102 m.kr. Þar af voru keypt verðbréf með föstum tekjum fyrir 45,8 m.kr og verðbréf með breytilegum tekjum 55,9 m.kr. Á árinu voru seld verðbréf og fengnar afborganir verðbréfa fyrir um 96,5 m.kr. Þar af voru seld verðbréf með föstum tekjum fyrir 21 m.kr en 64 m.kr verðbréf með breytilegum tekjum.

Eign í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum var lítil og sömuleiðis átti sjóðurinn á árinu 2010 engin skuldabréf útgefin af föllnu bönkunum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2010 var 583,5 m.kr.(565,1 m.kr.). Hækkunin nemur 18,4 m.kr. eða 3,3%. Nafnávöxtun sjóðsins var samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins 5,9% og hrein raunávöxtun 3,2%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 1,0%. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna ítarlegri upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Tryggingafræðileg athugun

Að mati tryggingastærðfræðings voru heildarskuldbindingar 2.376,6 m.kr. og heildareignir 612,6 m.kr. í árslok 2010, samanborið við 2.259,3 m.kr. og 642,9 m.kr. árið áður. Heildar skuldbindingar í árslok 2010 umfram hreina eign var því 1.764,0 m.kr. eða 74,2% samanborið við 71,5% árið áður.

Skýrsla stjórnar

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er viðkomandi launagreiðendum gerður reikningur fyrir hluta útgreidds mánaðarlegs lífeyris sem byggður er á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 70%. Lífeyrissjóðurinn greiðir 30% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á trygga ávöxtun með fjárfestingum á skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Staðfesting stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010. Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.


Húsavík, 28. apríl 2011.

Í stjórn




Bergur Elías Ágústsson
Stjórnarformaður

Ása Gísladóttir



Jón Helgi Björnsson

Framkvæmdastjóri



Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupsstaðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupsstaðar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík, 28. apríl 2011.

PricewaterhouseCoopers ehf



Davíð Búi Halldórsson

Endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld	6		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.613.209	1.944.943
Iðgjöld launagreiðenda		5.477.480	6.079.887
Sérstök aukaframlög		53.908.674	45.768.256
		<u>60.999.363</u>	<u>53.793.086</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	15	(75.723.143)	(65.383.220)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		(25.768)	(12.240)
		<u>(75.748.911)</u>	<u>(65.395.460)</u>
Fjárfestingartekjur	7		
Vaxtatekjur og gengismunur	16	36.700.743	69.912.382
Breytingar á niðurfærslu	16	1.644.689	(15.120.221)
		<u>38.345.432</u>	<u>54.792.161</u>
Fjárfestingargjöld	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(2.091.406)	(1.818.328)
Rekstrarkostnaður	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(3.137.108)	(2.727.493)
Hækkun á hreinni eign á árinu		18.367.370	38.643.966
Hrein eign frá fyrra ári		<u>565.143.300</u>	<u>526.499.334</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>583.510.670</u>	<u>565.143.300</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Fjárfestingar	9 - 11		
Verðbréf með breytilegum tekjum	17	132.528.862	124.493.944
Verðbréf með föstum tekjum	18	421.005.729	401.895.673
Veðlán	20	2.223.063	2.372.142
Bankainnistæður		21.276.228	20.800.359
		<u>577.033.882</u>	<u>549.562.118</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur		42.489	0
Aðrar kröfur	22	795.470	0
		<u>837.959</u>	<u>0</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltinnlán		12.001.328	21.806.193
Eignir samtals		<u>589.873.169</u>	<u>571.368.311</u>
Viðskiptaskuldir	14		
Aðrar skuldir		6.362.499	6.225.011
Skuldir samtals		<u>6.362.499</u>	<u>6.225.011</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>583.510.670</u>	<u>565.143.300</u>

Sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Iðgjöld		60.161.404	53.849.646
Fjárfestingartekjur.....		16.600.646	22.703.635
Afborganir verðbréfa.....		11.485.789	24.654.944
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		64.212.460	101.325.408
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		20.825.755	40.537.355
		<u>173.286.054</u>	<u>243.070.988</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		(75.748.911)	(65.395.460)
Fjárfestingargjöld.....		(2.091.406)	(1.818.328)
Rekstarkostnaður án afskrifta.....		(3.137.108)	(2.727.493)
Aðrar útgreiðslur.....		137.488	1.092.765
		<u>(80.839.937)</u>	<u>(68.848.516)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annari fjárfestingu		<u>92.446.117</u>	<u>174.222.472</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(55.957.172)	(73.785.548)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(45.817.941)	(136.219.773)
Lækkun (hækkun) á bankainnistöðum		(475.869)	26.964.034
		<u>(102.250.982)</u>	<u>(183.041.287)</u>
Lækkun á sjóði og veltiinnlánnum		(9.804.865)	(8.818.815)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>21.806.193</u>	<u>30.625.008</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>12.001.328</u>	<u>21.806.193</u>

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSF) var stofnaður árið 1969. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 510).

2. Sjóðfélagar

Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Norðurþingi.

3. Rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) hefur frá 1. júní 1999 annast daglegan rekstur sjóðsins.

II) Reikningsskilaaðferðir

4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjárraálefúrlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

6. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

Sérstök aukaframlög eru hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum, enda er sjóðnum ekki ætlað að standa að fullu undir þeim réttindum sem sjóðfélögum eru tryggð.

7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins. Í ársreikningnum er áætlað að þessi skipting sé í hlutfallinu 60% til fjárfestinga og 40% til skrifstofu og stjórnunarkostnaðar.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af þeim kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

Skýringar

9. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

10. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tilteknu vaxtvíðmiði. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

11. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

12. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evra.....	EUR	161,89	172,67	153,80	179,88
Bandaríkjadóllar.....	USD	122,04	123,59	115,05	124,90

13. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar. Þær eru helstar: Fyrirfram greidd hlutdeild launagreiðenda í lífeyri og ógreidd staðgreiðsla.

III) Sundurliðanir

15. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilífeyrir.....	56.947.297	48.806.112
Örorkulífeyrir.....	7.206.379	5.855.913
Makalífeyrir.....	11.179.623	10.334.198
Barnalífeyrir.....	389.844	386.997
	<u>75.723.143</u>	<u>65.383.220</u>

Skýringar

16. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	8.950.843		10.089.446	
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	25.300.489		38.370.454	
Af veðlánnum.....	159.688		343.804	
Af bankainnistæðum.....	2.282.305		9.195.080	
Af kröfum.....	7.418		15.274	
Niðurfærsla.....	5.212.527		(3.221.897)	
Afskrift.....	(3.567.838)		0	
	<u>38.345.432</u>	<u>0</u>	<u>54.792.161</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>38.345.432</u>		<u>54.792.161</u>

17. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	115.727.947		121.599.681	
Hlutabréf 1).....	11.305.842	2.024.703	0	
Hlutabréfasjóðir.....	3.470.370		2.894.263	
	<u>130.504.159</u>	<u>2.024.703</u>	<u>124.493.944</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>132.528.862</u>		<u>124.493.944</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlurafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Skýringar

18. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	360.897.949		321.239.354	
Skuldabréf sveitarfélaga.....	9.821.662		10.014.465	
Skuldabréf fyrirtækja.....	50.286.118		70.641.854	
	<u>421.005.729</u>	0	<u>401.895.673</u>	0
Samtals.....		<u>421.005.729</u>		<u>401.895.673</u>

Áætlað markaðsverð greinist þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	400.596.379		334.663.833	
Skuldabréf sveitarfélaga.....	9.821.662		10.014.465	
Skuldabréf fyrirtækja.....	45.040.192		38.063.857	
	<u>455.458.233</u>	0	<u>382.742.155</u>	0
Samtals.....		<u>455.458.233</u>		<u>382.742.155</u>

19. Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum

Bókfært verð verðbréfa með föstum tekjum hefur verið fært niður um varúðarniðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Staða í ársbyrjun.....	36.667.175	33.445.278
Afskrifað endanlega.....	(3.567.838)	0
Hækkun (lækkun) á niðurfærslu.....	(5.212.527)	3.221.897
Staða í árslok.....	<u>27.886.810</u>	<u>36.667.175</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	2010	2009
Skuldabréf fyrirtækja.....	27.886.810	36.667.175
	<u>27.886.810</u>	<u>36.667.175</u>

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður um varúðarniðurfærslu, þar sem ekki er talin óvissa um innheimtu þeirra.

20. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Veðlán til sjóðfélaga.....	2.223.063	2.372.142
	<u>2.223.063</u>	<u>2.372.142</u>

Skýringar

21. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Aðrar fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mýnt	31.12.2010	31.12.2009
Íslenskar krónur.....	ISK	570.260.844	549.562.118
Evrur.....	EUR	4.748.335	0
Dönsk króna.....	DKK	2.024.703	0
		<u>577.033.882</u>	<u>549.562.118</u>

22. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

23. Fullnustueignir

Sjóðurinn á engar fullnustueignir.

24. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

	2010	2009
Bergur Elías Ágústsson stjórnarformaður	68.100	61.290
Ása Gísladóttir	56.800	56.800
Jón Helgi Björnsson	56.800	56.800
	<u>181.700</u>	<u>174.890</u>

25. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings	949.991	903.002
Innri endurskoðun	326.699	255.108
Önnur aðstoð	289.434	257.106
	<u>1.566.124</u>	<u>1.415.216</u>

Skýringar

IV) Tryggingafræðileg athugun

26. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	583,5		583,5	565,1
Endurnmat verðbréfa.....	-48,3		-48,3	-30,6
Núvirði fjárfestingarkostnaðar.....	32,7		32,7	52,6
Núvirði framtíðariðgjalda.....		44,7	44,7	55,8
<i>Eignir samtals</i>	<u>567,9</u>	<u>44,7</u>	<u>612,6</u>	<u>642,9</u>
Ellilífeyrir.....	1.686,0	90,7	1.776,7	1.705,8
Örorkulífeyrir.....	80,0	2,6	82,6	85,0
Makalífeyrir.....	388,0	54,0	442,0	385,5
Barnalífeyrir.....	2,9	0,0	2,9	3,2
Rekstrarkostnaður.....	66,5	5,9	72,4	79,8
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<u>2.223,4</u>	<u>153,2</u>	<u>2.376,6</u>	<u>2.259,3</u>
Eignir að frádregnum skuldbindingum.....	-1.655,5	-108,5	-1.764,0	-1.616,4
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(74,5%)</u>	<u>(70,8%)</u>	<u>(74,2%)</u>	<u>(71,5%)</u>

Kennitölur

	2010	2009	2008	2007	2006
Ávöxtun					
Nafnávöxtun.....	5,9%	9,6%	11,1%	8,5%	10,2%
Hrein raunávöxtun.....	3,2%	0,9%	(4,5%)	2,5%	3,0%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	1,0%	0,9%	2,1%	4,0%	4,5%

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga

Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð.....	20,4%	22,7%	28,6%	35,7%	37,9%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð.....	2,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð.....	70,4%	73,1%	60,6%	58,5%	56,7%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð.....	2,6%	0,0%	0,5%	0,0%	0,3%
Veðlán.....	0,4%	0,4%	0,8%	2,4%	3,9%
Bankainnistæður.....	3,7%	3,8%	9,5%	3,4%	1,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	98,8%	100,0%	100,0%	97,5%	97,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	1,2%	0,0%	0,0%	2,5%	2,9%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjöldi

Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	20	22	24	26	28
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal)	84	78	75	74	74

Hlutfallsleg skipting lífeyris

Ellilífeyrir.....	75,2%	74,6%	74,4%	73,0%	70,7%
Örorkulífeyrir.....	9,5%	9,0%	9,2%	9,2%	11,8%
Makalífeyrir.....	14,8%	15,8%	15,8%	17,2%	16,9%
Barnalífeyrir.....	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Eignir umfram heildarskuldbindingar.....	(74,2%)	(71,5%)	(70,6%)	(70,6%)	(70,9%)
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar.....	(74,5%)	(71,8%)	(71,0%)	(70,5%)	(70,9%)

Rekstur

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign.....	0,5%	0,5%	0,5%	0,7%	0,6%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum).....	124,2%	121,6%	116,5%	119,1%	126,0%